

Reykjavík 18. Júní 2013

Tilv: Þskj. 4 – 4. mál

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

Efni: Umsögn um þingskjal nr. 4, 4. mál - Breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum

Vísað er til 1. gr., I kafla um breytingu á lögum nr 116/2006 um stjórn fiskveiða þar sem fjallað er um 15 metra hámarks lengd krókaaflamarksbáta.

Víkingbátar ehf fagna því að reglur eru gerðar skýrari um lengdarmælingar fiskibáta og tekin upp alþjóðleg reikniregla um útreikning á brúttótonnum. Víkingbátar ehf taka hinsvegar ekki efnislega afstöðu til þess hvort heimila eigi 15m langa báta innan krókaaflamarskerfisins eða ekki. Hinsvegar viljum við draga fram eftirfarandi sjónarmið.

Það er ljóst að eftirspurn er eftir 15m löngum fiskibátum á Íslandi. Krafan byggist á því að koma þarf auknum búnaði fyrir um borð í bátana sem stuðla að hagræðingu og auknu aflaverðmæti. Jafnframt þarf að tryggja öryggi sjómanna með viðunandi vinnuáætlunum og vistarverum. 20BT takmörkunin skv. nýju reiknireglunni setur þessari framþróun afar þröngar skorður. Bátarnir verða full mjóir og þar sem tekið er tillit til mótunardýftar í útreikningi brúttótonna þá verður lofthæð í lest full lág og vistarverur rúmminni. Takmörkunin er til þess gerð að útgerðarmenn geta ekki keypt þann 15m bát sem þeir vonuðust eftir.

Vert er að benda á að útreikningur á breidd báta í frumvarpinu er ekki eins skýr og lengdarútreikningur. Í dag eru markaðssettir 14,99m langir yfirbyggðir fiskibátar sem eru 4,60m til 4,75m að breidd og þeir allir sagðir 29,9 BT skv. reiknireglu núgildandi laga. Ef reiknað er út frá þessum stærðum fæst út að bátarnir eru 32BT til 33BT m.v. mestu breidd á þilfari. Þetta er gert með því að gera stall á þilfarið og hafa yfirbygginguna breiðari en skrokkurinn, en skv. reglunum mælist breidd í þilfarshæð.

Æskilegt er að reglur um leyfilegar stærðir fiskibáta í krókaaflamarskerfinu á Íslandi séu skýrar og lágmarki túlkunaratriði. Reglurnar þurfa að rúma raunverulega stærð 15m báta sem smíðaðir eru í dag, hið minnsta, og helst að veita svigrúm þannig að þessi afurð sjávarútvegsklasans geti þróast og varan sé „skynsamleg“. Í því sambandi má nefna að á öðrum markaðssvæðum, t.d. í Noregi, eru 15m bátar leyfðir án takmarkana á breidd og því yrði það hagræði fyrir okkur að geta framleidd staðlaðan öflugan 15m langan bát fyrir Íslenska og Norska markaðinn.

Það er von okkar að ef 15m langir krókaaflamarsbátar verða leyfðir og takmörkun gerð á brúttótonnum, þá verði stuðst við alþjóðlega reiknireglu við útreikning brúttótonna og takmörkunin verði 30BT.

Fyrir hönd Víkingbáta ehf



Júlíus B. Benediktsson
Framkvæmdastjóri